Umhverfis- og orkustofnun

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á STARFSLEYFI

Álver

Rio Tinto á Íslandi ehf.

TILLAGA

Starfsemi:	Álver
Leyfisnúmer:	UST-2022-L34-03
Rekstraraðili:	Rio Tinto á Íslandi ehf.
Kennitala rekstraraðila:	680466-0179
Staðsetning:	Straumsvík
Sveitarfélag:	Hafnarfjörður
Málsnúmer:	UOS-5420
Starfsleyfið gildir til:	28. október 2037

1 Almennt

Breyting þessi nær til starfsleyfis Rio Tinto á Íslandi ehf., kt. 680466-0179, fyrir álver þeirra í Straumsvík, Hafnarfirði, sem gefið var út 28. október 2021 og gildir til 28. október 2037. Rio Tinto á Íslandi ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Gerð er breyting á starfsleyfi rekstraraðila að beiðni hans vegna aukins umfangs steypuskála, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2 Breytingar á starfsleyfi

2.1 Breyting á gr. 1.2

Við 1. mgr. gr. 1.2 bætist bætist eftirfarandi málsliður: „Í steypuskála er jafnframt heimilt að endurbræða aðkeyptan hreinan fast málm (ál) og steypa þar í heildina allt að 280.000 tonn á ári.“. 1. mgr. greinar 1.2 orðast nú:

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 230.000 tonn af áli á ári í kerskálum álversins auk reksturs tilheyrandi málmsteypu, ker- og skautsmiðju og flæðigryfja fyrir kerbrot og eigin framleiðsluúrgang. Í steypuskála er jafnframt heimilt að endurbræða aðkeyptan hreinan fast málm (ál) og steypa þar í heildina allt að 280.000 tonn á ári.

2.2 Breyting á gr. 2.2

Felld er á brott 2. mgr. gr. 2.2.

2.3 Breyting á gr. 3.16

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp hefur verið felld brott með reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skóphreinsun. Tilvísun hefur því verið verið breytt og vísar nú til gildandi reglugerðar.

2.4 Breyting á gr. 3.22

Við gr. 3.22 bætist 4. mgr. sem hljóðar svo:

„Rekstraraðili skal draga úr förgun í flæðigryfjur á starfsleyfistímanum. Fyrir árslok 2027 skal skila inn áætlun um hvernig dregið skal úr losun í flæðigryfjurnar á starfsleyfistímanum og hvernig skuli staðið að meðhöndlun úrgangs að þeim tíma liðnum.“

TILLAGA

3 Gildistaka

Breyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, öðlast þegar gildi og hefur sama gildistíma og starfsleyfið sem breytingin tekur til.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um breytingu starfsleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfis- og orkustofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Umhverfis- og orkustofnun

TILLAGA